

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Aðildarfélaga Starfsgreinasambands Íslands**

Fjarfundur var haldinn í samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og Starfsgreinasambands Íslands þann 24. september 2025.

Frá Starfsgreinasambandi Íslands: Vilhjálmur Birgisson, Hjördís Þóra Sigurpórsdóttir, Eyþór Árnason og Björg Bjarnadóttir.

Frá Sambandinu: Berglind Eva Ólafsdóttir, Margrét Sigurðardóttir og Inga Rún Ólafsdóttir sem ritaði fundargerð.

Eftirfarandi mál voru tekin fyrir:

1. Launadreifing

Starfshópur á vegum stýrihóps um Betri vinnutíma náði samstöðu um svokallað launadreifingarskjal dagsett 7. júlí 2025. Skjalið felur í sér reiknivél og leiðbeiningar við útreikning starfshlutfalls starfsfólks sem vinnur samkvæmt launadreifingu. Skjalið má finna á vef Sambandsins og stéttarfélaganna.

Launadreifing felur í sér að starfsmaður er ráðinn allt árið, þrátt fyrir að árlegur starfstími stofnunar/skóla sé vegna eðlis starfseminnar skemmri en 12 mánuðir. Vinnuskil starfsfólks á launadreifingu skulu fara fram samkvæmt fyrirfram ákveðnu skipulagi, ráðningarsamband er í gildi milli aðila allt árið og jafnaðarlaun eru greidd alla mánuði ársins.

Heimild fyrir launadreifingu byggir á grein 2.1.1 í nógildandi kjarasamningi þar sem heimilt er að semja við starfsfólk um tilflutning vinnuskyldu milli vikna eða árstíða þar sem starfsemi er takmörkuð hluta úr ári. Í grein 2.1.1.1 er heimildin útfærð nánar og þau atriði sem skilgreina þarf við ráðningu talin upp. Mikilvægt er að þessi atriði liggi fyrir þegar starf er auglýst og komi skýrt fram í ráðningarsamningi starfsfólks:

- Starfstími skóla (upphafs- og lokadagur árlegs starfstíma)
- Orlofstími (30 dagar, dagsetningar frá og til)
- Tímabil sem starfsmaður er ekki við vinnu á sumartíma þar sem hann hefur áður unnið tímann af sér (dagsetningar frá og til)
- Starfshlutfall starfsmanns á starfstíma (í %)
- Starfshlutfall m.v. 12 mánaða launadreifingu (í %)

Stjórnendur skulu skilgreina verkefni og viðveruskyldu starfsfólks á launadreifingu þannig að starfsfólki séu þessir þættir ljósir við upphaf ráðningar.

Tilgreina skal upphafsdag og lokadag árlegs starfstíma stofnunar/skóla. Starfsfólk hefur vinnu- og viðveruskyldu á vinnustað alla virka daga á því tímabili.

Einhliða ákvörðun vinnuveitanda um ólaunaða frídaga, ásamt tilflutningi á vinnuskyldu er óheimil. Til viðbótar 30 daga kjarasamningsbundnu orlofi getur starfsfólk óskað eftir launalausum leyfi þá daga á starfstíma stofnunar/skóla sem starfsemi er skert eða liggur niðri s.s. í jólaelokun, páskaelokun og sumarlokun grunnskóla. Ósk um slíkt launalaust leyfi og hvort reikna skuli með því tímabili í launadreifingu skal liggja fyrir við upphaf hvers starfstímabils/skólaárs og er háð samþykki vinnuveitanda.

Niðurstaða:

Samráðsnefndin er sammála um fara beri samkvæmt launadreifingarskjalinu þegar launadreifingarleið er valin sem greiðslufyrirkomulag launa mv. starfshlutfall í ótímabundinni ráðningu og 36 stunda vinnuviku.

Í þeim tilvikum sem starfsfólk er að vinna hlutfallslega umfram 36 stundir innan dagvinnumarka til að safna upp í leyfi þá gildir ekki launadreifingarskjalið.

2. Erindi frá VLFS til samstarfsnefndar

Erindið hlaut umræðu á fundum samstarfsnefndar 6. september, 8. nóvember 2024 og 4. febrúar 2025. Ágreiningurinn snerist um greiðslu fastra yfirvinnutíma til forstöðumanns hjá sveitarfélagi, en í gr. 1.5.3 í kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Starfsgreinasambands Íslands segir að forstöðumenn eigi ekki rétt á yfirvinnugreiðslum skv. tímakaupi, en skylt er að ákveða þeim sérstaka þóknun til viðbótar mánaðarlaunum þeirra, sé yfirvinna nauðsynleg vegna anna í starfi. Slíka þóknun ákveður launagreiðandi með samkomulagi við viðkomandi starfsmann og vitund starfsmannafélagsins, sem í þessu tilviki er Verkalýðsfélag Suðurlands.

Niðurstaða:

Aðilar hafa komist að samkomulagi.

3. Vegna niðurfellingar greinar 3.1.6

Erindi frá Starfsgreinasambandi Íslands. Við niðurfellingu á grein 3.1.6 kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Starfsgreinasambands Íslands heldur SGS fram að virkur vinnutími starfsfólks mótuneyta hafi lengst.

Niðurstaða:

Ekki náðist samstaða um málið.

Afstaða SGS:

Við niðurfellingu á grein 3.1.6 kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Starfsgreinasambands Íslands hefur virkur vinnutími starfsfólks mótuneyta lengst daglega um 47 mínútur frá 1. nóvember 2024 m.v. 100% starf.

Fyrir 1. nóvember 2024 – Vinnutími 8:00-16:00 = 100% starfshlutfall

- Viðvera til 15:30 – 30 mínútum styttri en ella á dag.
- Matarhlé telst til vinnutíma – 30 mínútur á dag.
- Kaffihlé telst til vinnutíma – 35 mínútur á dag

Virkur vinnutími: 6 klst. og 25 mín á dag (6,42 klst.)

Eftir 1. nóvember 2024 - Virkur vinnutími og viðvera 8:00-15:12 = 100% starfshlutfall

- Engin föst kaffihlé, enginn greiddur matartími, eins og annað starfsfólk

Virkur vinnutími: 7 klst. og 12 mín á dag (7,2 klst.).

Afstaða SNS:

Með gildandi kjarasamningi, sem gildir frá 1. apríl 2024 til 31. mars 2028, var vikulegur vinnutími starfsfólks stytur úr 40 vinnustundum í 36 virkar vinnustundir. Samhliða breyttist kafli 3 kafli um matar- og kaffitíma í heild sinni og varð að kafla 3 um hlé frá vinnu. Breytingin tók gildi frá 1. nóvember 2024.

Með styttri vinnuviku og breytingum á 3. kafla féll niður réttur til matar- og kaffitíma á forræði starfsmanna. Starfsmönnum er engu að síður áfram heimilt að neyta matar og drykkja við vinnu sína þegar því verður við komið starfsins vegna og eru slík hlé hluti af virkum vinnutíma sbr. grein 3.1.1.

Þessar breytingar á kjarasamningi aðila hafa það í för með sér að ekki telst lengur um takmörkun á matartíma starfsfólks mótuneyta að ræða þar sem forræði starfsmanna á matar- og kaffitímum hefur verið felld niður. Áður var vinnuvika starfsmanna sveitarfélaga í 100% starfi 40 klst. á viku en 37,5 klst. hjá starfsmönnum mótuneyta. Með tilkomu styttri vinnutíma er vinnuvika allra starfsmanna nú 36 virkar vinnustundir á viku eða 7 klst. og 12 mínútur á dag.

4. Önnur mál

Rætt um mikilvægi þess að árétta að ef reglubundin vinnuskylda starfsfólks er 20% eða meira á mánuði þá sé ráðið í fast starfshlutfall fremur en tímavinnu sbr. gr. 1.4.2.

Spurt var um hvort starfsfólk sem er í 60% eða minna starfshlutfalli eigi rétt á fæðisfé:

Niðurstaða:

Fæðisfé miðast ekki við starfshlutfall. Það starfsfólk sem hefur vinnuskyldu sem er 6 klukkustundir eða lengri á dag og uppfyllir skilyrði skv. gr. 3.2.4 á rétt á fæðisfé.

Fleira var ekki gert. Fundi slitið.